

Sb.

371. Tillaga til þingsályktunar

[193. mál]

um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Flm.: Alexander Stefánsson, Páll Pétursson, Jón Helgason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem gerð verði með það markmið í huga fyrst og fremst, að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni, verði m. a. sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Auk lífeyristrygginga, er taki til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, ekkjubóta og ekkjulífeyris, slysatrygginga, sjúkratrygginga og annarra bóta, verði í löggjöfina sett skýr ákvæði um að almannatryggingar annist fyrirgreiðslur til lamaðra og fatlaðra, hreyfihamlaðra, blindra og heyrnarskertra, málhaltra, þroskaheftra, ofnæmissjúklinga og annarra þeirra er eiga við erfiða sjúkdóma að stríða, útvegi og greiði nauðsynleg hjálpartæki og áhöld fyrir þetta fólk, greiddur verði að fullu kostnaður vegna sjúkrameðferðar, þar með talinn allur kostnaður vegna lækni meðferðar hjá erlendum sérfræðingum og sjúkrastofnunum.
- b) Almennatryggingar greiði afnotagjöld af síma, útvarpi og sjónvarpi fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem engar tekjur hafa aðrar en lífeyrisbætur tryggingakerfisins.
- c) Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útvinnandi eða við heimilisstörf.
- d) Sett verði löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

G r e i n a r g e r ð .

Frá því að heildarlöggjöf um almannatryggingar var lögfest 1971, hafa verið gerðar margvíslegar breytingar á lögunum á hverju ári frá gildistöku. Allar þessar breytingar hafa miðað að því að bæta tryggingakerfið í vissum þáttum. En heildarendurskoðun, ekki síst miðuð við breyttar þjóðfélagsaðstæður og ný vandamál, hefur ekki farið fram. Þess vegna teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunar-

tillögu, að ekki megi draga lengur að hefja þessa endurskoðun, og viljum um leið benda á mörg vandamál þjóðfélagsþegnanna, sem eiga heima í almannatryggingum.

Við teljum að tryggingalöggjöfin eigi að vera þannig gerð, að hún veiti ekki aðeins fullkomið öryggi fólks á vissu aldurskeiði, heldur ekki síður vernd og afgerandi stuðning við alla þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni.

Við Íslendingar erum taldir stolt þjóð, viljum telja okkur til gildis að lífskjör okkar sem þjóðar séu með því besta sem gerist, svo og þjóðartekjur miðað við íbúa.

Vissulega viljum við stefna að því markmiði, að við og niðjar okkar getum búið við afkomuöryggi sem frjáls og fullvalda þjóð. Kapphlaupið um lífsgæðin er sjálf-sagt óskráð lögmál í hinum frjálsa heimi. En vill ekki oft gleymast, að ekki hafa allir þjóðfélagsþegnar jafnan rétt eða möguleika til að fylgjast með eða njóta lífsgæðanna? Það gleymist býsna oft, að ótalinn fjöldi meðbræðra og systra hefur af ýmsum ástæðum orðið fyrir áföllum, sem skert hafa orku þeirra og getu til þátttöku í daglega lífinu og þannig útilokað frá eðlilegum samskiptum í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þetta á að sjálfstöðu við hvar sem er í heiminum.

Við Íslendingar erum fámenn þjóð, þar sem segja má að allir þekki alla, og erum efnalega vel settir. Það ætti því að vera metnaður okkar og auðvelt fyrir okkur að sjá til þess, að þeir meðbræður og systur, sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, fái eins góða meðhöndlun og samfélagslega hjálp og frekast er hægt að veita í nútímapjóðfélagi. Það á virkt almannatryggingakerfi að gera. Við höfum fyrirferðarmikið tryggingakerfi og heilbrigðisþjónustu sem er yfir 40% af ársútgjöldum ríkis og sveitarfélaga. En því miður vantar stórlega á að þetta mikilvæga kerfi nái yfir það svið að aðstoða nægjanlega hinn mikla fjölda landsmanna sem eru öryrkjar, hreyfihamlaðir, blindir, heyrnarskertir, málhaltir, þroskaheftir, ellihrumir eða þjást af ýmsum alvarlegum sjúkdómum, og við rekumst daglega á þetta vandamál. Á þessu verður að ráða bót. Þess vegna má ekki draga lengur að endurskoða lög in um almannatryggingar og aðlaga þau því hlutverki að vernda og styðja alla þá, er verða fyrir áföllum og þurfa á samfélagshjálp að halda, og þess sé gætt, að sú aðstoð og hjálp komi að fullum notum og veiti öryggi til handa þessu fólki.

Við leggjum mikla áherslu á það atriði, að almannatryggingar taki til allra þarfa þessa fólks, svo að það þurfi ekki að leita annað, t. d. sjái almannatryggingar um innkaup á öllum hjálpartækjum og áhöldum fyrir hreyfihamlaða og öryrkja, kennslubókum og tækjum fyrir blinda og málhalla. Sömuleiðis verði tryggilega fyrir því séð í lögunum, að öll sjúkrameðferð og endurþjálfun sé greidd að fullu, þar með talið þegar um er að ræða sjúklinga, sem sendir eru á erlend sjúkrahús til erlendra sérfræðinga, þar með talinn allur ferðakostnaður.

Krafan um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn hefur orðið almennari með hverju ári. Löngu er ljóst að fjöldi lífeyrissjóða í landinu hafa ekki möguleika að tryggja meðlimum sínum öruggan lífeyri og fjöldi landsmanna hefur engin lífeyrissjóðsréttindi. Flutningsmenn telja eðlilegt að endurskoðun almannatryggingakerfisins spanni yfir þetta verkefni og stuðli að setningu löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Það er von okkar, að endurskoðuð lög um almannatryggingar, sem m. a. feli í sér breytingar er hér hefur verið bent á, komi til meðferðar á Alþingi sem allra fyrst.